

Sjómannadagsráð
Hálf dán Henrysson
Brúnavegi 9
104 Reykjavík
halfdan@sjomannadagsrad.is

Hrafnista
María Fjóra Harðardóttir
Brúnavegi 9
104 Reykjavík
maria.hardardottir@hrafnista.is

Garðabær
Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabæ
gunnar@gardabaer.is

Reykjavík, 17. ágúst 2021


Efni: Breyting á rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar.

Það tilkynnist hér með heilbrigðisráðuneytið f.h. ráðherra hefur falið Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) að semja við nýjan aðila um rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar. Stefnt er að því að nýr samningsaðili, Vigdísarholt, taki yfir reksturinn um næstu áramót. Um er að ræða rekstur 60 hjúkrunarrými auk dagdvalar.

Forsaga málsins er uppsögn Sjómannadagsráðs á samstarfssamningi þess og Garðabæjar um rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar. Í framhaldi af því sendi bæjarstjóri Garðabæjar erindi til heilbrigðisráðuneytisins um yfirtöku ríkisins á hjúkrunarheimilinu, sbr. bréf dags. 18. maí 2021. Sjá einnig uppsögn Hrafnistu á samningi um rekstur hjúkrunarheimilisins til SÍ dags. 16. júní 2021.

SÍ þakka Sjómannadagsráði, Hrafnistu og Garðabæ fyrir gott samstarf um þessa mikilvægu þjónustu og treystir á að það góða samstarf verði áfram við framkvæmd ofangreindra breytinga þannig að þær hafi sem minnst áhrif á íbúa og starfsmenn hjúkrunarheimilisins.

F.h. Sjúkratrygginga Íslands,



María Heimisdóttir, forstjóri